

Unglingadrykkja í Evrópu

Íslenskir unglingar neyta áfengis sjaldnast allra unglinga í Evrópu. Áfengisneysla evrópskra unglinga hefur dregist saman á síðustu árum en er þó enn þá hættulega mikil að mati Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu stofnunarinnar um þróun unglingadrykkju í Evrópu frá 2002 til 2014. Í skýrslunni kemur fram að einungis tvö prósent 15 ára stúlkna á Íslandi neyti áfengis vikulega og þrjú prósent pílta. Norrænir unglingar, að undanskildum þeim dönsku, eru þeir sem sjaldnast neyta áfengis í Evrópu.

Unglingspiltar í Króatíu, Ungverjalandi, Ítalíu og Möltu drekka mest, meira en fjórðungur þeirra neytir áfengis að minnsta kosti einu sinni í viku.

Heilt yfir hefur unglingadrykkja dregist mikið saman í Evrópu frá 2002 til 2014. Hún er þó að mati Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar hættulega mikil og hvergi í heiminum er eins mikil áfengisneysla og í Evrópu. Árið 2016 voru rúm 10 prósent dauðsfalla í Evrópu rakin til áfengisneyslu.

28 prósent allra 15 ára unglinga í Evrópu byrjuðu að neyta áfengis 13 ára eða yngri, en árið 2002 byrjuðu 46 prósent unglinga að drekka 13 ára eða yngri.

Unglingadrykkja hefur dregist mest saman í Bretlandi. Þar drakk helmingur allra unglinga áfengi einu sinni í viku eða oftár árið 2002, en árið 2014 var talan komin niður í 10 prósent.

Ritunarverkefni - Stíll 1 – Unglingadrykkja í evrópu.

Nú er komið að þér að skrifa eigin texta út frá því sem þú last hér að ofan. Textinn þinn á að vera u.þ.b. 150 - 200 orð (ekki minna).

Notist við leturgerðina Arial, leturstærð 12 og línubil 1,5. Passið upp á að greinaskil séu rétt.

Hver er skoðun þín á ungingadrykkju? Skrifaðu um hvað þér finnst. Þú getur t.d. haft eftirfarandi atriði til hliðsjónar:

- Eru unglingar að byrja að drekka áfengi of ungir?
- Eru til lög um unglingsdrikkju á Íslandi og í þínu heimalandi?
- Hver á að framfylgja reglunum? Eru það foreldrar eða lögregla?
- Finnst þér að ungt fólk eigi að fá að kaupa áfengi fyrr en reglur segja til um?
- Af hverju eru svona reglur mikilvægar? Eða eru þær kannski ekki mikilvægar?

Passaðu að skrifa samfelldan texta og rökstyðja mál þitt vel.

Passaðu upp á stafsetningu og málfar og hafðu í huga það sem þú hefur tileinkað þér í málfræði og það sem hafa þarf í huga þegar texti er skrifaður.

Þessu verkefni á að skila í skilakassa á Moodle eigi síðar en sunnudaginn 11. september 2022.

Þegar verkefninu er lokið fer kennari yfir það og þú hefur tækifæri til að lagfæra það áður en einkunn er gefin.